

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð Stjórnarfundar 1/2006

Fundartími: Föstudagur 13. janúar 2006, kl. 13.00
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Bryndís Brandsdóttir, varaformaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður stjórnar EH
Guðrún Gísladóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjárhagsstaða RH
3. Stofnanasamningar
4. Af málefnum Sáttmálasjóðs og vinnumatssjóðs
5. 40 ára afmælið og raunvísindaping 2006
6. Þóknun stjórnarmanna
7. Beiðni frá Háloftadeild um mótframlag vegna endurnýjunar á segulmælitæki.
8. Kosning formanns, varaformanss og fulltrúar starfsmanna.
9. Önnur mál

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt.
- 2. Rætt um skiptingu fjárveitingar 2006 og viðbótarfjárveitingar 2005.** Á fjáráukalögum fyrir árið 2005 er lagt til að Raunvísindastofnun fái 20 milljónir króna til að mæta halla fyrri ára. Lagt var til að þeim fjármunum yrði skipt á milli stofa í sama hlutfalli og fjárveitingu ársins 2005. Einnig var lagt til að fjárveitingu ársins 2006, eins og hún liggur nú fyrir á fjárlögum, verði skipt á sama hátt. Miðað er við skiptingu ársins 2005 þegar dregnar hafa verið frá fjárveitingar vegna rannsóknarleyfa, launabóta og farmalags til Norræna eldfjallasetursins.
- 3. Fjárhagsstaða RH og horfur fyrir Norræna eldfjallasetrið.** Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsstöðu stofnunarinnar, er talsverður halli á rekstrinum nú og þarf að vinna í að koma sértekjum til ríkisjóðs. Fjárhagsstaða Norræna eldfjallasetursins er ágæt fyrir þetta ár. Hins vegar eru blikur á lofti hvaða varðar árið 2006. Óbreytt sterk staða íslensku krónunnar leiðir að óbreyttu til þessa að norræna framlagið mun rýrna um allt að 14,7 millj. kr. árið 2006, en framlagið er greitt í dönskum krónum. Stjórn Jarðvísindastofnunar, forstöðumaður og framkvæmdastjóri RH munu kynna þessa stöðu fyrir þeim sem málið varðar og reyna að fá þessa rýrnum bættu.
- 4. Viðræður við HÍ vegna Sáttmálasjóðs og vinnumatssjóðs.** Formaður stjórnar skýrði frá fundi sem var haldinn með rektor og fulltrúum Háskólans og fulltrúum stofnunar með sjálfstæðan fjárhag tengdum Háskólanum um málefni Sáttmálasjóðs og vinnumatssjóðs. Tilgangur fundarins var að reyna að ná sátt um fjárhagslega aðkomu stofnananna að Sáttmálasjóði, vinnumatssjóði og ársmatssjóði. Kynntu fulltrúar Háskólans tillögur þess

Raunvísindastofnun Háskólans

efnis að Háskólin greiði í þessa sjóði áfram miðað við núverandi starfsmenn en stofnanirnar greiði í sjóðina ef starfsmönnum fjölgar. Einnig var fjallað um dóm hæstaréttar þess efnis að ekki megi draga launtengd gjöld af fjárframlagi til ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora. Var álitid að sama reglan gilti um vinnumatssjóð og starfsmatsjóð. Kæmi þá í hlut stofnananna að greiða launatengd gjöld vegna starfsmanna sinna af úthlutun úr sjóðunum. Niðurstaða fékkst ekki á fundinum en ákveðið að hittast aftur en í millitíðinni myndu fulltrúar þessara stofnana eiga fund með fulltrúum menntamálaráðuneytis til að ræða þessi mál.

5. Önnur mál.

- a) Ekkert kom fram undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15:30

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð Stjórnarfundar 2/2006

Fundartími: Fimmtudagur 18. maí 2006, kl. 10.00
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður stjórnar EH
Guðrún Gísladóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjárhagsstaða RH – bráðabirgðauppgjör 2005
3. Stofnanasamningar
4. Þóknun stjórnarmanna
5. Uppgjör vegna Vatnaverkefnis
6. Mál Inga Þ. Bjarnasonar
7. Önnur mál

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt.
- 2. Fjárhagsstaða RH-bráðabirgðauppgjör 2005.** Samkvæmt bráðabirgðauppgjóri var stofnunin rekin innan ramma fjárlaga á árinu 2005. Staða yfirstjórnar og reksturs fasteigna er ekki góð. Framkvæmdastjóri mun gera úttekt á stöðunni og kynna stjórninni niðurstöðuna.
- 3. Stofnanasamningar.** Stofnanasamningur við Félag Háskólakennara hefur verið undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar og samþykkti stjórnin samninginn. Hann er samhljóða samningi Háskóla Íslands við félagið. Samningur við SFR er á lokastigi og féllst stjórnin á þau drög sem liggja fyrir. Viðræður við FÍN eru ekki hafnar og hefur félagið ekki enn sent neitt erindi til Raunvísindastofnunar um stofnanasamninga.
- 4. Þóknun stjórnarmanna.** Samþykktir um þóknun til stjórnarmanna Raunvísindastofnunar Háskólans og undirstofnana, sjá fylgiskjal. Stjórn Jarðvísindastofnunar mun leggja fram upplýsingar um hvernig stjórnarumbun verði háttað fyrir árið 2007.
- 5. Uppgjör vegna Vatnaverkefnis.** Nú liggur fyrir lögfræðikostnaður vegna málshöfðunar Sjóverks ehf gegn Háskóla Íslands f.h. Raunvísindastofnunar. Var málinu vísað frá í Hæstarétti en Háskólanum gert að greiða sinn málskostnað. Heildarkostnaðurinn er kr. 1.913.242 og þarf Raunvísindastofnun að greiða kr. 1.275.493 en Háskólinn greiðir mismuninn. Samþykkt var að 50% af hlut stofnunarinnar greiðist úr sameiginlegum sjóði og 50% af fé Jarðvísindastofnunar.
- 6. Mál Inga Þ. Bjarnasonar.** Kynnt var bréf til Inga Þ. Bjarnasonar þar sem gerð var

Raunvísindastofnun Háskólans

lokatilraun til að sáttum vegna kröfu hans um greiðslu 11 fastra yfirvinnutíma á mánuði eftir 1. janúar 2004. Er það von allra að málinu sé nú endanlega lokið.

7. Önnur mál.

- Lögð var fram beiðni frá Sigurði Jakobssyni um rannsóknarleyfi í 12 mánuði frá og með 1. september 2006. Samþykkt að verða við þessari ósk með fyrirvara um að lögð verði fram nákvæm rannsóknaráætlun.
- Lagt var fram bréf frá eðlisfræðistofu þar sem lagt er til að vegna aukinna umsvifa innan Raunvísindastofnunar sem hafi leitt af sér aukið álag þá flytjist Þorsteinn Jónsson tæknimaður alfarið yfir til Jarðvísindastofnunar og ráðinn verði nýr tæknimaður til eðlisfræðistofu. Álagið er orðið það mikið að einn maður annar því ekki núna.
- Lögð var fram viðmunartafla um laun verkefnaráðinna starfsmanna.
- Samþykkt var að styrkir úr Nýsköpunarsjóði námsmamma og Rannsóknarnámssjóði yrðu undanþegnir gjaldtöku til yfirstjórnar enda duga þeir ekki nema rétt fyrir launakostnaði viðkomandi einstaklinga.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð Stjórnarfundar 3/2006

Fundartími: Fimmtudagur 5. september 2006, kl. 13.00
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Haflíði Pétur Gíslason, varaformaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður stjórnar EH
Alda Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjárhagsstaða RH
3. Stofnanasamningar
4. Þóknun stjórnarmanna
5. Hlutverk stjórnanna innan RH
6. Önnur mál

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt.
- 2. Fjárhagsstaða RH.** Kynnt var fjárhagsstaða stofnunarinnar. Staðan samkvæmt bókhaldinu er afar slæm, meginástæðan er að seint hefur gengið að flytja sértekjur af bankareikningum í ríkissjóð. Einnig eru talsverðar fjárhæðir ókomnar frá Tækjasjóði en seint hefur gengið að fá greiðslur frá sjóðnum yfir sumartímann.
- 3. Stofnanasamningar.** Stofnanasamningar hafa verið gerðir við Félag Háskólakennara og Starfmannafélag ríkisstofnana. Viðræður við FÍN hófust í vor, eftir að öðrum samningum var lokið, enginn árangur hefur orðið og ber mikið á milli. Viðræður hafa legið niðri yfir sumartímann og eru ekki hafna að nýju.
- 4. Þóknun stjórnarmanna.** Þegar fjallað um þóknunir til stjórnarmanna hafði nafn eins varastjórnarmanns í bráðabirgðastjórn Jarðvísindastofnunar fallið niður en hann tók sæti í aðalstjórn hluta af starfstíma hennar. Framkvæmdastjóra var falið að koma með tillögur um þóknun til hans á næsta fund og einnig að gera tillögur um þóknun stjórnarmanna fyrir árið 2007.
- 5. Hlutverk stjórnanna innan RH.** Formaður stjórnar ræddi sína sýn á framtíðina. Hvert yrði hlutverk Raunvísindastofnunar í framtíðinni. Lýstu fundarmenn lauslega sinni sýn á framtíðina og verður þessum umræðum haldið áfram.
- 6. Önnur mál.**
 - Lögð var fram beiðni frá Guðrúnu Larsen um rannsóknarleyfi. Beiðnin var samsþykkt með venjubundnum fyrirvara um fjárveitingar. Í framhaldi af þessu

Raunvísindastofnun Háskólans

var framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir ummsóknum um rannsóknarleyfi og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð Stjórnarfundar 4/2006

Fundartími: Fimmtudagur 23. október 2006, kl. 16.00
Fundarstaður: Fundaherbergi Raunvísindastofnunar
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Hafliði Pétur Gíslason, varaformaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður stjórnar EH
Alda Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjárhagsstaða RH
3. Fjárlög
4. Vinnumatssjóður
5. Stofnanasamningar
6. Rannsóknarleyfi
7. Önnur mál

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt.
2. **Fjárhagsstaða RH.** Fjárhagsstaða stofnunarinnar er betri en verið hefur það sem af er árinu. Gerð hefur verið gangskör í að flytja sértekjur af bankareikningum í ríkissjóð. Einnig hafa borist greiðslur frá Tækjasjóði sem beið hefur verið eftir. Rætt var um framsetningu á greiðsluyfirliti með það fyrir augum að sýna bæði greiðslustöðu og stöðu þar sem tekið er tillit til sértekna sem koma inn á árinu. Framkvæmdstjóri mun leggja fram hugmyndir að breytingum á næstunni. Einnig verður framlag NMR til Norræna eldfjallasetursins sýnt sérstaklega en ekki sem hluti af sértekjum.
3. **Fjárlög.** Rætt var um nýframkomið fjárlagafrumvarp með hliðsjón fjárlagatillögum Raunvísindastofnunar. Fram kom gagnrýni á að í tillögum Raunvísindastofnunar hafi verið ósk um 23 m.kr. til Norræna eldfjallasetursins (NE) þar sem Háskóli Íslands væri ábyrðaraðili samningsins við menntamálaráðuneytið og NMR um yfirtöku á rekstri NE og HÍ muni semja við NMR um áframhaldandi starfsemi NE þegar núverandi samningstímabili lýkur.
4.
Ákveðið var að hefja tillögugerð vegna fjárlagabeidna fyrir árið 2008 um næstu áramót.
5. **Vinnumatssjóður.** Frá og með árinu 2007 verða framlög til Vinnumatssjóðs og Sáttmálasjóðs vegna starfsmanna Raunvísindastofnunar Háskólans hluti af fjárveitingum stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að rannsóknasvið Háskólans sjái áfram um gerð vinnumats en Raunvísindastofnun mun sjá um greiðslur. Eftir er að semja við Háskólann um

Raunvísindastofnun Háskólans

fyrirkomulag vinnumatsins. Umsóknir um greiðslur úr Sáttmálasjóði skulu berast skrifstofu Raunvísindastofnunar frá og með næstu áramótum

- 6. Stofnanasamningur.** Stofnanasamningur við FÍN er ekki enn í höfn en samkomulag hefur náðst um flest atriði.
- 7. Rannsóknarleyfi.** Fyrir fundinn voru lagðar fram óskir um rannsóknarleyfi frá 5 aðilum. Þessu til viðbótar hefur einn þegar hafið rannsóknarleyfi. Ákvörðun um veitingu leyfa var frestað og ákveðið að skoða reglur Háskólans um rannsóknarleyfi í millitíðinni.
- 8. Önnur mál.**
 - Rætt var um kosti og galla þess að reka sérstakan netþjón fyrir stofnunina (raunvis) og hvort æskilegt væri að kaupa þessa þjónustu af Reiknistofnun. Formaður mun skoða málið.

Fundi slitið kl. 18.00

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

**Stjórnarfundur 5/2006 í fundarherbergi Raunvísindastofnunar 8. nóv. 2006,
kl. 16:00-17:30**

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framtíðarskipulag RH í Vísindagörðum, tengsl við aðrar stofnanir og fyrirtæki
3. Tillaga um skiptingu Háskóla Íslands í skóla og deildir
4. Staða stofnanasamnings við FÍN
5. Rannsóknarleyfi
6. Önnur mál